

Sextándi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps haldinn að Breiðabliki 10. nóvember kl. 17.

Mætt eru Herdís Þórðardóttir, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem að ritaði fundargerðina.

Gestir fundarins eru Kristín Þorleifsdóttir, sviðstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs og skipulagsfulltrúi, undir dagskrárlið 1 og 2 og Ragnildur Sigurðardóttir framkvæmdastjóri Svæðisgarðs Snæfellsness, undir dagskrárlið 3 og 4.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Oddviti óskaði eftir að bæta við dagskrána einum lið og er hann númer 3 á dagskránni. Samþykkt af öllum fundarmönnum.

1. Umhverfis- og skipulagssvið

Kristín fór yfir starf sviðsins og þá málaflokka er heyra undir það, helstu verkefni ofl. Kristín greindi frá því að þörf væri á auknum stöðugildum innan sviðsins. Sveitarstjórn veitir oddvita heimild til að vinna að málinu í samstarfi við bæjarstjóra Stykkishólms/Helgafellsveitar og Grundarfjarðarbæjar.

Þá greindi hún frá uppsögn Fannars Þórs Þorfinnssonar byggingarfulltrúa. Staða byggingarfulltrúa verður auglýst á allra næstu dögum. Sveitarstjórn veitir oddvita leyfi til að ganga frá ráðningu byggingarfulltrúa í samstarfi við bæjarstjóra Stykkishólms/Helgafellssveitar og Grundarfjarðarbæjar.

2. Deiliskipulag í Laugargerði

Borist hafa eftirfarandi athugasemdir frá Skipulagsstofnun vegna deiliskipulags Laugargerðis:

- Ekki er ljóst hvernig áform um hesthús/hesthúshverfi samræmast ákvæðum aðalskiplags fyrir íbúðarsvæði ÍB-3.
- Staðsetning byggingarreita fyrir íbúðarhús sæmræmast ekki ákvæðum varðandi fjarlægðir frá vegi (gr. 5.3.2.5) og fjarlægð frá á (gr. 5.3.2.14)

Auk þess bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Leita þarf umsagnar Borgarbyggðar þar sem skipulagssvæðið liggur að sveitarfélagsmörkum, sbr. 6. mgr. 5.3.2. gr. skipulagsreglugerðar.
- Auk þess vantar að bregðast við umögn Heilbrigðiseftirlits, dags. 10. febrúar 2021 varðandi öflun neysluvatns, sorpmál, fráveitu og fleira.

Þá hefur komið umsögn frá Vegagerðinni. Þar er gerð athugasemd við aðgreiningu á innkeyrslu við skóla, íþróttahús og sundlaug.

Kristín fór yfir málið og greindi frá stöðu mála. Unnið er að lokauppfærslu með minniháttar breytingum.

3. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes
Ragnhildur kynnti Svæðisgarðinn Snæfellsnes.
4. Gestastofan Breiðabliki
Ragnhildur kynnti Gestastofuna, þá samninga sem að eru milli Svæðisgarðsins og Eyja- og Miklaholtshrepps um Gestastofuna á Breiðabliki.
5. Styrkumsóknir
Sveitarstjórn auglýsti eftir styrkumsóknum vegna íþróttá- og æskulýðsmála og frá félagasamtökum innan hreppsins fyrir árið 2023. Fjórar umsóknir bárust.

Sóknarnefnd Fáskrúðarbakkasóknar óskar eftir 400.000 kr. til endurbóta á Rauðamelskirkju. Veronika lýsir sig vanhæfa við meðferð þessarar umsóknar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu þessarar styrkumsóknar og oddvita falið að leita frekari upplýsinga um endurbætur.

Nemendafélag Laugargerðisskóla óskar eftir styrk, ekki sérstök fjárhæð, m.a. í ferðasjóð nemenda. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Nemendafélag Laugargerðisskóla um allt að 200.000 kr. á árinu 2023.

Foreldrafélag Laugargerðisskóla óskar eftir 200.000 kr. styrk til eflingar starfs félagsins. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja foreldrafélag Laugargerðisskóla um allt að 200.000 kr. á árinu 2023.

Karлакórinn Heiðbjört óskar eftir 100.000 kr. vegna upptöku á vínplötu. Þröstur lýsir sig vanhæfan við meðferð þessarar umsóknar. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja Karлакórinn Heiðbjörtu um allt að 100.000 kr. á árinu 2023.

6. Umsagnarbeiðni – Umsókn um breytingu á rekstrarleyfi Dreisam ehf. á Hótel Rjúkanda
Umsókn um breytingu á nýgildandi rekstarleyfi REK-2021-018347 til reksturs Gististaðir í Flokkur IV-B Stærra gistiheimili.
Breytingin felst í að óska eftir að bæta við þremur 2ja manna gistiherbergjum (merktum 01-01, 01-02 og 01-03 skv. meðfylgjandi teikningu) við gistirými hótelsins. Um er að ræða 3 herbergi í nýbyggðu starfsmannahúsi F2220261.
Hið breytta rekstarleyfi yrði því til sölu gistingar í flokki IV stærra gistiheimili með heildargistirými fyrir 38 gesti og veitingarými fyrir 82 gesti.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfi verði veitt til breytinga á rekstrarleyfi Dreisam ehf. að uppfylltum þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla.

7. Umsagnarbeiðni - Umsókn um rekstrarleyfi Dreisam ehf. í Dal 2
Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, tegund C-minna gistiheimili.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfi verði veitt til breytinga á rekstrarleyfi Dreisam ehf. að uppfylltum þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla.

8. Umsagnarbeiðni – Umsókn um rekstarleyfi Hrutsholts ehf. í Hrutsholti II
Umsókn um leyfi til reksturs Gististaðar í flokki II, H- Frístundashús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að Hrutsholti ehf. verði veitt rekstarleyfi að uppfylltum þeim skilyrðum sem þarf að uppfylla.

9. Starfshlutfall og laun oddvita

Oddviti felur Herdís Þórðardóttur varaoddvita fundarstjórn og óskar eftir að Veronika G. Sigurvinsdóttir riti fundargerð undir þessum lið. Oddviti vísar af fundi.

Sveitarstjórn fól varaoddvita að gera tillögu að launakjörum oddvita Eyja- og Miklaholtshrepps. Tillaga varaoddvita er að laun oddvita verði 60% af þingfarakaupi miðað við fullt starfshlutfall. Akstur á vinnustað, að Breiðabliki, verði ekki sérstaklega greiddur. Annar akstur á vegum sveitarfélagsins verður greiddur. Tillagan tekur gildi frá 1. desember 2022 til loka kjörtímabilsins.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

10. Laun nefndarmanna

Umræða var um laun nefndarmanna. Tillaga er um að tengja laun nefnda við þingfararkaup. Oddvita falið að útfæra og leggja fyrir á næsta hreppsnefndarfundi.

11. Fundargerð 914. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 12.10.2022.

Fundargerð lögð fyrir fundinn.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21.

Herdís Þórðardóttir sign

Þróstur Aðalbjarnarson sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir sign

Sigurbjörg Ottesen sign

